

Samrft.

Grunnleigusamningur.

Bæjarstjórn Ísafjarðar sem leigusali og **Svetnbjörn Halldórsson** sem leigutaki gera með sér svofeldan

Grunnleigusamningur:

1. Leigusali selur leigutaka á leigu **448,6** fermetra lóð við **Rúngötu nr. 9** hér í bænum.
2. Lóðin er leigð til húsbýggingar. Hús það, er leigutaki reisir á lóðinni og önnur mannvirki, verða hans eign, og má hann selja þau og veðsetja ásamt lóðarréttindunum. Skylt skal leigutaka að hafa umgirt lóðina innan 1 árs frá undirskrift samnings þessa. Eigi má leigutaki færa nett burt af hinni leigðu lóð, án samþykkis leigusala.
3. Árgjald fyrir lóðarréttindin er kr. **204.11**. Er það ákveðið á þann hátt, að lóðin er metin af dómkvóddum mönnum, en leigutaki greiði árlega leigu er ^{15. júlí} ~~þenni~~ ^{en} útlánsvöxtum Landsbankaútbusins hér, af matsverði lóðarinnar, og greiðist ~~skóskona~~ ^{skóskona} ár hvert, í fyrsta skifti **31. desember 19 30 og þá fyrir tilfölblið frá 15. september það ár.**
4. Krefjist annarhvor aðila mats á lóðinni, skal hún endurnmatin af tveim dómkvóddum mönnum, þó eigi oftari en á fimm ára fresti, og telji þeir að hún, án mannvirkja eða endurbóta á henni, hafi hækkað eða lækkað í verði, hækkar eða lækkar leigan eftir sömu ákvæðum og að framan segir.
5. Leigutaki greiðir alla skatta og gjöld til ríkis- og bæjarstöðs af hinni leigðu lóð og húsum og mannvirkjum, er hann reisir á henni.
6. Falli niður bygging á hinni leigðu lóð, fellur hún aftur til eiganda, ef ekki verður bygt á henni innan tveggja ára eftir að byggingin féll, svo sem við bruna, eða ef byrjað hefir verið á að byggja upp aftur á lóðinni, og af einhverjum ástæðum, ekki er haldið áfram.
7. Leigutíminn er 80 — áttatíu — ár frá dagsetningu þessa samnings að telja.
8. Fyrir áföllum árgjöldum skal leigutaki, auk lögtaksréttar samkvæmt lögum nr. 29, 16. desember 1885, 1. gr. 2. lið, hafa 2. veðrétt með uppþærslurétti næst á eftir 1. veðrétti til opinberra stofnana, eða lána, veittum eftir samskonar ákvæðum.